

Fornleifaskráning í Eldvörpum og milli Prestastígs og Skipsstígs

Ómar Smári Ármannsson og Ragnheiður Traustadóttir





Forsíðumynd: Skipsstígur

Baksíða: Vörður á Árnastíg

Uppsetning og hönnun: Anna Rut Guðmundsdóttir

Kortagerð: Margrét Valmundsdóttir

Ritstjórn: Ragnheiður Traustadóttir

Ljósmyndir: Ómar Smári Ármannsson

Efnisyfirlit

Inngangur	6
Fyrri rannsóknir	6
Tilgangur fornleifaskráningar	7
Fornleifaskráning og aðferðir	9
Jarðarnúmer	9
Tegund, hlutverk og heiti	9
Staðsetning	9
Staðhættir og lýsing	9
Hættumat	9
Fornleifar á svæðinu	10
Fornar leiðir	10
Árnastígur [27-500]	13
Gata [27-501/516/517/570/587/597/600]	15
Brýr [27-505 og 548]	15
Skjól [27-524]	15
Skjól [27-593]	15
Refagildra [27-575]	16
Herminjar [27-602]	16
Fornleifar í og við Eldvörp	17

Refagildra [27-805].....	17
Refagildra [27-810].....	17
Refagildra [27-811].....	17
Skjól [27-804].....	17
Aðhald [27-803].....	18
Refabyrgi [27-813] og garður [27-829].....	18
Tyrkjabyrgin [27-817 til 828].....	18
Byrgin [27-814/815] – (nýju byrgin).....	20
Hellir „útilegumannahellir“ [27-816].....	21
Útilegumannahellir [27-812] Brauðhellir	21
Brauðstígur [27-900].....	22
Prestastígur [27-1000].....	23
Brýr [27-1026/1027/1068].....	25
Steinar [27-1052/1053/1054).....	25
Skipsstígur [17-1500].....	26
Gata [17-1502/1506/1509/1513/1515/.....	28
1526/1534/1536/1541].....	28
Dýrfinnuhellir [17-1511].....	28
Hellir [17-1516].....	29
Niðurstöður.....	30

Heimildir	31
Ljósmyndaskrá	32
Viðauki I - kort	33
Viðauki II - töflur	36
Árnastígur - 500.....	37
ELdvörp - 800.....	88
Prestastígur - 1000.....	103
Skipstígur - 1500 (Skipastígur).....	145



Inngangur

Að beiðni Ásbjörns Blöndal, forstöðumanns þróunarsviðs HS Orku, tóku skýrsluhöfundar, Ómar Smári Ármannsson fornleifafræðingur og Ragnheiður Traustadóttir fornleifafræðingur, saman fornleifaskrá um Eldvörp annars vegar og svæðisins milli Prestastígs og Skipsstígs hins vegar.

Skráningin og samantektin fól m.a. í sér athugun á fyrri skráningum, heimildasöfnun, vettvangsskráningu og úrvinnslu, mat á minjum innan skipulagssvæðisins, s.s. hætumat, og skýrslu- og kortagerð.

Ómar Smári sá um vettvangsvinnu, enda hefur hann um árabíl gengið svæðið í þeim tilgangi að leita að minjum og skrá þær. Ragnheiður sá um úrvinnslu gagna, Margrét Valmundsdóttir fornleifafræðingur vann kort, Lísabet Guðmundsdóttir sá um innslátt á hnitum og Anna Rut Guðmundsdóttir annaðist uppsetningu á skýrslunni.

Á umræddu svæði er m.a. að finna fornar leiðir, byrgi (Tyrkjabyrgin), hlaðin skjól, vörður, refagildru, garðs auk minja úr seinni heimsstyrjöld. Herminjar eru ekki verndaðar í lögum eins og þjóðminjar/fornleifar en vegna þess hve einstakar þær eru þykir rétt að skrá þær svo að framkvæmdaraðilar geti tekið tillit til þeirra við skipulagningu og framkvæmdir.

Skráningargögnin eru vistuð í landfræðilegum

gagnagrunni og er öllum gögnum skilað rafrænt.

Fyrri rannsóknir

Í neðangreindum ritum er að finna fornleifaskráningar á afmörkuðum hlutum svæðisins.

- Agnes Stefánsdóttir, 2008. Svartsengi – Eldvörp. Fornleifaskráning. Fornleifavernd ríkisins, 2008. (Rit Fornleifaverndar ríkisins 2008:7).
- Katrín Gunnarsdóttir, 2012. Grindavík. Fornleifaskráning í Eldvörpum í landi Húsatófta vegna rannsóknaborana HS Orku.
- Þóra Pétursdóttir, 2002. Fornleifaskráning í Grindavík. 2. áfangi. Fornleifastofnun Íslands ses., Reykjavík.

Auk þess skráðu Brynjúlfur Jónsson minjar á svæðinu sumarið 1902¹ og Ólafur Briem 1959² Tyrkjabyrgi sem Þorvaldur Thoroddsen skrifaði um í Ferðabók árið 1883³. Ómar Smári Ármannsson skráði Grindarvíkurvegi í ritinu Grindavíkurvegir, saga og minjar árið 2012.

Loks rannsakaði Guðmundur Ólafsson fornleifafræðingur rannsakaði útilegumannahelli [27-812] við Eldvörp árið 2008⁴.

¹ Brynjúlfur Jónsson, 1903.

² Ólafur Briem, 1959.

³ Þorvaldur Thoroddsen, 1956.

⁴ Guðmundur Ólafsson, 2009.

Heildarskrá um svæðið er nú í fyrsta sinn tekin saman. Hefur allt svæðið verið gengið að nýju í þeim tilgangi. Hnitsetningar eru allar á ábyrgð skýrsluhöfunda.

Tilgangur fornleifaskráningar

Samkvæmt 4. mgr. 3. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 (mml.), sem tóku við af þjóðminjalögum nr. 107/2001 1. janúar 2013, njóta fornleifar friðunar og eru þannig verndaðar gegn hvers kyns raski.

Í 3. mgr. 3. gr. mml. eru fornleifar skilgreindar með svofelldum hætti:

„Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

a. búsetulandslag, skrudgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhusa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,

b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,

c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirkni og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,

d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,

e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,

f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,

g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,

h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,

i. skipsflök eða hlutar þeirra.“

Í 21. gr. mml. er kveðið á um verndun fornleifa:

„Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Eigendur og ábúendur jarða skulu hlúa að fornleifum á landareignum sínum og viðhalda umhverfi þeirra eftir því sem sanngjarnt getur talist. Minjastofnun Íslands er skylt að veita ráðgjöf og leiðbeiningar í því sambandi.

Minjastofnun Íslands gerir nauðsynlegar ráðstafanir til verndar fornleifum, viðhalds eða endurbóta, en áður skal gera landeiganda eða ábúanda viðvart um þær. Ef nauðsyn krefur lætur Minjastofnun Íslands rannsaka fornleifar með uppgreftri eða á annan hátt.“

Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu

þekktar eða hafi verið skráðar. Ef áður óþekktar fornleifar finnast ber að tilkynna það Minjastofnun Íslands, sbr. 38. gr. mml., og án tafar skv. 1. mgr. 23. gr. megi ætla að þær séu í hættu.

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að sporna við því að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða að nauðsynjalausum. Fornleifaskráning kemur að notum í minjavörslu þegar ákvarðanir eru teknar um aðgerðir til verndar einstökum minjastöðum eða minjasvæðum. Auk þess kemur hún að gagni í rannsóknum og kynningum. Í þessu tilviki, þar sem unnið er að deiliskipulagi á útvistarsvæði, verða til möguleikar á að kynna og nýta minjar á svæðinu.

Ekki er það síður hagur þeirra sem stýra hvers konar framkvæmdum að eiga aðgang að yfirliti um fornleifar á tilteknu svæði. Segja má að við það vinnist tvennt. Unnt verður að taka tillit til minjanna við skipulagsvinnu og nýta þær til að varðveita sögu staðarins í landslaginu. Einnig má minnka stórlega líkur á að framkvæmdaraðilar rekist í miðjum klíðum á fornleifar sem þeir gerðu sér ekki grein fyrir að gætu verið fyrir hendi en reynist svo nauðsynlegt að rannsaka með tilheyrandi kostnaði og töfum á framkvæmdum.

Björgunaruppgröftur, sem er unninn vegna framkvæmda og undir þrýstingi frá framkvæmdaraðilum, er heldur ekki æskilegur frá sjónarmiði fornleifafræðinnar. Fornleifaskráning sameinar þess vegna hagsmuni fræðigreinarinnar og þeirra sem standa að framkvæmdum.

Skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skal skv. 16. gr. mml. fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi. Áður en deiliskipulag er afgreitt eða leyfi til framkvæmda eða rannsókna er gefið út skal skráning ætíð fara fram á vettvangi.

Skulu skipulagsyfirvöld hafa samráð við Minjastofnun Íslands um tilhögun skráningar eða endurskoðun á fyrri fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskrárm með hliðsjón af fyrirhuguðum breytingum á skipulagi. Óheimilt er að veita leyfi til framkvæmda án undanfarandi fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskráningar. Þegar sérstaklega stendur á getur Minjastofnun Íslands veitt undanþágu fyrir framkvæmdum með tilteknum skilyrðum.

Skipulagsyfirvöld skulu tilkynna Minjastofnun Íslands um gerð skipulagsáætla og verulegar breytingar á þeim og um gerð skýrslna um mat á umhverfisáhrifum.

Almennt er æskilegt að framkvæmdum sé beint frá minjastöðum en sé þess enginn kostur ber að tilkynna Minjastofnun Íslands um framkvæmdirnar með sannanlegum hætti með minnst fjögurra vikna fyrirvara eins og segir í 23. gr. mml. Enn fremur segir að Minjastofnun Íslands ákveði að undangenginni vettvangskonun hvort frekari rannsóknar sé þörf, hvort gera skuli tillögu um friðlýsingu eða hvort fornleifarnar megi víkja og þá með hvaða skilmálum. Óheimilt er að veita leyfi til framkvæmda fyrr en ákvörðun Minjastofnunar Íslands liggur fyrir.

Í 2. mgr. 28. gr. mml. segir að framkvæmdaraðili greiði kostnað við þær rannsóknir á fornleifum sem Minjastofnun Íslands ákveður að séu nauðsynlegar vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Við allar umfangsmiklar framkvæmdir skal sá sem fyrir þeim stendur bera kostnað af nauðsynlegum rannsóknum og vettvangsskráningu fornleifa.

Fornleifaskráning og aðferðir

Við fornleifaskráninguna voru fornleifar flokkaðar eftir jörðunum Húsatóftum og Járngerðarstöðum.

Í skýrslunni er fjallað um hvern minjastað fyrir sig, ljósmyndir voru teknar af þeim öllum og tóftir teiknaðar upp þegar við átti. Jafnframt voru gerð kort af stöðunum. Minjar á svæðinu voru hnitsettar og færðar inn á loftljósmynd frá Loftmyndum ehf. og í stafrænan hnitagrunn.

Jarðarnúmer

Jarðirnar eru auðkenndar með heiti jarðarinnar og númeri samkvæmt jarðatali Johnsen, Húsatóftir nr. 27 og Járngerðarstaðir nr. 17. Þar að auki er fornleifunum gefið raðnúmer.

Raðnúmerin tengjast jörðum og innan þeirra eftirfarandi svæðum/leiðum: 1) Árnastíg (frá 27-500), 2) Eldvörpum (frá 27-800), Prestastíg (frá 27-1000) og Skipsstíg (frá 17-1500).

Tegund, hlutverk og heiti

Tegund og hlutverki minja er eins og venjan er um fornleifaskráningar lýst í fáum orðum, þ.e. almennt séð hvort um sé að ræða tóftir bæja eða útihúsa, höfn, byrgi, túngarð og þar fram eftir götunum.

Stundum sér fornra minja ekki stað í landslaginu þótt þeirra sé getið í heimildum og kunna margar ástæður að vera fyrir því. Kemur þá fram í fornleifaskránni að „heimild“ sé til um t.d. útihús. Er leitast við að hafa fornleifaskrána eins nákvæma og kostur er því að leifar fornminja kunna að leynast í jörðu þótt ekki sé unnt að sjá þær með berum augum á yfirborðinu.

Hafi fornminjarnar sérnafn, t.d. Tyrkjabyrgi, er

það sérstaklega skráð en þegar engu slíku er til að dreifa kemur fyrir að hlutverki þeirra sé lýst þar sem heitið stæði annars, t.d. stígur eða varða.

Staðsetning

Tekin voru gps hnit á öllum minjum úti á vettvangi með Garmin staðsetningartæki og þau færð inn í landupplýsingakortagrunn. Staðsetning þeirra er svo færð inn á loftmynd frá Loftmyndum ehf.

Í hjálagðri fornleifaskrá eru bæði gefin upp gps hnit og hnit í landshnitakerfinu Ísnet 93.

Staðhættir og lýsing

Leitast er við að lýsa staðháttum og greint er frá afstöðu skráðra minja í landslaginu, þeim lýst, bæði formi, umfangi og ástandi, og aðrar athugasemdir gerðar þegar þörf krefur, t.d. vísað í aðrar heimildir.

Hættumat

Leitast er við að leggja mat á þá hættu sem að fornleifunum kann að steðja, bæði af völdum náttúru og manna. Þetta er gert til að unnt sé að grípa til viðeigandi ráðstafana liggi minjar undir skemmdum eða geti orðið fyrir raski. Hætta vegna ábúðar þýðir að framkvæmdir eða álag kunni að raska fornminjum. Hætta vegna veðrunar þýðir að fornleifar séu smám saman að mást í burtu fyrir áhrif lofts eða vatns. Hætta vegna landbrots þýðir að fornleifar geti glatast af völdum vatns eða uppblásturs.

Ekki er lagt mat á hættuna þegar einungis er til heimild um fornleifar en þær ekki fundist við vettvangsskráninguna. Í þessu tilviki fundust þær hins vegar allar.



Fornleifar á svæðinu

Fornar leiðir

Skráðar voru þrjár fornar alfaraleiðir á framkvæðasvæðinu, Árnastígur, Prestastígur og Skipsstígur.

Þegar vestur var farið úr Grindavík áttu menn um fjórar leiðir að ræða og munu þær allar hafa verið notaðar öldum saman. Sennilega er elstu lýsingu á leiðunum að finna í sóknarlýsingu síra Geirs Bachmann 1840-1841:

„Yfir þau [hraunin] liggja 4 aðalvegir, þrír þeirra til Keflavíkurkaupstaðar og einn til Hafnanna. Sá norðasti kallast Sandakravegur; liggur hann í norður útnorður út úr þeim eina alfaravegi austanmanna, sem frá Ölfusinu og Selvogi er hingað, skammt fyrir austan og ofan Hraun – bær í Grindavík - fram hjá Fiskidalsfelli og Skógfellunum, sem öll eru að vestanverðu við veginn, og kemur maður af honum ofan á Vogastapa. Miðvegurinn, sem ýmist kallast Járngerðarstaða-eða Skipsstígsvegur, liggur í útnorður fyrir sunnan Þorbjarnarfell, og er þá Þórðarfell, Súlor og Stapafell allt að vestan og sunnanverðu. Syðsti vegurinn, sem bæði kallast Staðar- og Tóttavegur [Árnastígur], liggur til norðurs, mjög krókótt, fyrir sunnan Þórðarfell, en þó fram með því að norðanverðu, milli þess og Súlna og Stapafells, og

kemur á Járngerðarstaðarveginn á landamerkjum Njarð- og Grindvíkinga, fyrir norðan Stapafell, efst í svonefndri Njarðvíkurheiði. Sá fjórði og síðasti vegur, sem út úr sókninni liggur og alþjóðarvegur má nefnast [Prestastígur], liggur upp frá Húsatóttum, í útnorður ofan í Hafnirnar, og er hann sá eini, sem héðan farinn verður þangað.“

Við leiðirnar liggur fjöldinn allur af vörðum. Voru í allt skráðar 204 vörður, vörðubrot og vegvísar (vegprestar) við Árnastíg og Prestastíg.

Útlit og staðsetning varða hafa lotið ákveðnum reglum um aldir. Þær hafa og tekið breytingum eftir tilefni og tilgangi. Á elstu þjóðleiðunum gátu vörðurnar t.d. verið beggja vegna götu, en vörðutippi leiðbeindu gjarnan vegfarendum hvoru megin þeir ættu að halda sig. Á nýrri leiðum, einkum vagngötunum, voru vörðurnar jafnan hlaðnar sömu megin og hærri en fyrr. Því miður eru allflestar eldri vörðurnar fallnar og grónar orðnar. Vörður, sem sjá má í dag, eru allflestar hlaðnar kerfisbundið með fjárstuðningi landssjóðs eftir 1850. Þær voru gerðar í ákveðnum tilgangi, s.s. að viðhalda sýslugötum, alfaraleiðum eða sem aðdragandi endurbóta, t.d. fyrir vagna.

Ástæður fyrir gerð varðanna og tilgangur hefur jafnan verið margskonar. Vörður eru nær undantekningarlaust hlaðnar úr grjóti, fengnu á staðnum, oft ferkantaðar en einnig hringlaga eða

með öðru lagi og misjafnlega háar, allt frá einu umfari til tuga. Þær voru hlaðnar sem vegvísar (vegprestar) til að leiðbeina ferðafólki rétta leið, t.d. í vondum veðrum (þoku, snjókomu eða skafrenningi), til heilla (að kasta steini í dys eða vörðu hafði tvenns konar merkingu – a) að halda þeim, er þar var dysjaður, niðri eða b) að öðlast fararheill). Þær voru einnig reistar sem minningarmörk (um fólk, sem hafði dáið á þeim stað, sem þær voru síðan reistar á, sbr. Þyluvarðan, Ólafsvaða og Stúlkuvæða, sem nefndar eru í dæmaskyni þótt þær standi ekki við framangreindar leiðir).

Vörður voru líka oft hlaðnar sem kennileiti, t.d. frá sjó eða sem mið að ákveðnum stað eða sjóleið (yfirleitt mjög stórar eða háttstandandi), á landamerkjum (til að aðgreina mörk jarða eða svæða), við greni, oft litlar, kannski steinn á steini og yfirleitt þrjár stutt frá hverri annarri – grenið í miðjunni, við upphaf vega eða vegamóta og þá oft tvær eða þrjár hlið við hlið ofan við mannvirki (selin) eða tiltekinn stað (fjárskjól – vatnsstæði eða jarðfall og sprungur þar sem fé gat leynst við leitir), við brýr yfir sprungur eða farartálma, sem leiðarmerki eða innsiglingamerki.

Fyrrum var hverjum vinnufærum manni gert skylt að vinna hluta úr ári við garð- eða grjóthleðslu. Hægt var og að skylda búandi menn til að hlaða vörður. Þannig krafðist presturinn í Höfnum, sem einnig var prestur í Grindavík, þess af bændum þar í sveitum að hver þeirra skyldi hlaða a.m.k. eina vörðu og jafnvel tvær á þeirri leið, sem síðan var nefnd Prestastígur. Vörðurnar voru með jöfnu millibili, nokkurn veginn jafn háar og allar sömu megin við götuna.


Þegar horft er til varða á þétthlöðnum hesta- og vagnvegum Reykjanesskagans, s.s. Skipsstíg, Árnastíg og Prestastíg, má jafnan sjá steina


(vörðusteina) standa út úr heillegustu vörðunum.

Fjallað verður um hverja leið fyrir sig hér að neðan og þær minjar sem er að finna við leiðirnar.



Árnastígur





Árnastígur [27-500]

Árnastígur er austan við túnið á Húsatóftum, vel rudd braut í gegnum apal- og helluhraun. Gamli vegurinn milli Staðarhverfis og Keflavíkur lá um Árnastíg. Syðsti hluti stígsins var bæði kallaður Staðar- og Tóftarvegur (Tóttavegur). Norðan Stapafells kom gatan inn á svonefndan Járngerðarstaðaveg (Skiptsstíg) nálægt landamerkjum Njarð- og Grindvíkinga.

Árnastígur frá Húsatóftum að mótum Skiptsstígs ofan Rauðamels áleiðis til Njarðvíkur reyndist vera um 12 km löng ganga en alls er hann um 18 km.

Í örnefnaskrá Grindavíkur er gefin eftirfarandi skýring á örnefninu Árnastígur, sem er gamla þjóðleiðin af Skiptsstíg til Húsatófta:

„Rétt fyrir suðaustan Klifgjá er vegurinn ruddur og greiðfær. Heitir sá spölur Árnastígur. Árni

nokkur, sem fyrrum bjó í Kvíadal, litlu koti í Staðartúni, mun hafa rutt þennan stíg.”⁵

Fyrsta sýnilega varðan við Árnastíg ofan við Húsatóftir er skammt fyrir ofan golfvöll Grindvíkinga á Húsatóftum. Eftir það er stígurinn varðaður austanmegin að einni undantekinni, þ.e. vörðu við Skiptsstíginn skammt ofan gatnamóta Árnastígs nyrst við Rauðamelinn.

Í fyrstu var Staðar- eða Tóftarstígur, syðsti hlutinn milli Tófta og Sundhnúks í Sundhnúkahlrauni, mótaður afferðum manna og hesta. Litlar vörður eru við þann hluta og gatan sést að mestu enn, einkum þar sem hann er vel markaður í hraunhelluna. Skammt sunnan við Sundvörðuhraun má t.d. sjá hlaðið undir stíginn á einum stað, þar sem hann liggur á milli jarðfalla.

Eftir syðsti hluti að Árnastígs hafði verið ruddur slóði nokkru vestar við gömlu götuna er augljóst

⁵ Örnefnaskrá Húsatófta, 1980.



Árnastígur

að farið hefur verið með jarðýtu yfir þann hluta Árnastígs ofan Húsatófta með það fyrir augum að opna leið farartækja yfir gróft hraunhaft sem þar er og áfram upp í sléttlendi Eldvarpanna austan og norðan Sundhnúkahrauns. Líklega hefur þetta verið gert á stríðsárunum því að Helgi Gamalíelsson man eftir því að hafa farið þess leið með föður sínum og eldri bróður, Ólafi, á traktor þegar hann var á fermingaráldri.

Þegar komið er suðaustan við Sundvörðuhraun liggur frá honum annar stígur og varða við gatnamótin [27-540]. Sá stígur, sem stundum er nefndur Brauðstígur [27-900] (sjá lýsingu neðar), liggur framhjá svonefndum „Tyrkjabyrgjum“ í krika sunnan undir Sundvörðuhrauni og áfram inn í Eldvörp.

Austan Sundvörðuhrauns, á hellunni sem er yfirborð Eldvarparhrauns, er Árnastígurinn allsléttur og norðaustan við hraunkantinn sést vel hversu markaður hann er í klöppina eftir hófa, klaufir og fætur liðinna alda. Áður en stígurinn beygir til norðurs má sjá gatnamót í beygjunni. Úr henni liggur stígur til suðvesturs niður í Járngerðarstaðahverfi (sem loftskæptastöðin hefur reyndar girt af), að Títublaðavörðu.

Áfram liggur stígurinn í gegnum Eldvörpin og inn á Sandfellshæðarhraunið, með jaðri Eldvarparhrauns austan Lágafells og síðan áfram milli þess og Rauðhóls (Gígs), niður misgengi (Klifgjá) vestan Þórðarfells og áfram norður með því að vestanverðu.

Slóði liggur í norðaustur með Stapafellinu, austur fyrir Hrafnagjá og síðan í námunum norður fyrir það. Haldið er áfram norðaustur eftir Árnastíg undir Stapafellsgjá, þar sem stígurinn er allgreinilegur. Vörðubrot eru víða til hliðar við stíginn. Ekki fer á milli mála að sá hluti Árnastígsins, þar sem hann hefur ekki verið yfirkeyrður með jarðvinnuvélum, hefur lítið verið genginn í seinni tíð. Mosinn og gróðurinn bera þess glögg merki.

Tréstólpi sýnir með óbyggjandi hætti hvar gatnamótin hafa verið, en fyrir ókunnuga gæti annars verið erfitt að sjá hvor stígurinn er hvað, Árnastígur og Skipsstígur. Við gatnamótin eru gömul vörðubrot, en nýlegri vörður hafa einnig verið reistar í nánd.

Við þennan hluta Árnastígs voru skráðar 83 vörður, milli Húsatófta og Sandfellshæðarhrauns heilar, hálfvallnar, fallnar og af þeim voru fjórar vörðuvísar [518-527-555-566].



Vörðuvísir [500-27]



Árnastígur [27-517]



Skjól [27-524]

Gata [27-501/516/517/570/587/597/600]

Tekin voru hnit á völdum stöðum á Árnastíg og fékk hvert sitt númer. Einnig voru skráðar upplýsingar og teknar ljósmyndir á hverjum stað sem sýna breytingar á leiðinni eða hvernig hún hefur markað spor í umhverfið, t.a.m. verið grópuð í hraunið, unnin og/eða rudd.

Brýr [27-505 og 548]

Tvær hlaðnar brýr úr hraunhellum liggja yfir gjá á Árnastíg, önnur 2 m á breidd og 3 m á lengd [27-505], hin 2 m á breidd og 5 m á lengd [27-548].



Brú [27-548]

Skjól [27-524]

Hlaðið úr hraunhellum í skeifu á lágum hraunhól. Hleðsluhæð 80 cm. Hlutverk óþekkt.

Skjól [27-593]

Hlaðið úr hraunhellum, skeifulaga, hleðsluhæð 60 cm, u.þ.b. 1,50 fermetrar.



Skjól [27-593]

Skjól [27-594]

Hlaðið úr hraunhellum, skeifulaga, hleðsluhæð 60 cm, u.þ.b. 1,50 fermetrar.



Skjól [27-594]



Refagildra [27-575]

Refagildra [27-575]

Hlaðin úr hraunhellum. Hæð 30 cm, 1,20 m á lengd og 80 cm á breidd, inngangur úr norðri. Mosavaxin.

Herminjar [27-602]

Slóð eftir skriðdreka frá seinni heimsstyrjöld liggur út frá Árnastíg til norðurs og má þar sjá stórt sporöskjulaga svæði rúið mosa svo að skín í bera klöppina. Út frá svæðinu til suðurs liggur slóði inn á skriðdrekaslóðann við Árnastíg og áleiðis niður að Húsatóftum. Ef grannt er skoðað má sjá talsvert af braki flugvélar á svæðinu, m.a. svonefndan „chock“, hjólakubb úr tré, sem notaður var til að skorða af hjól flugvéla á jörðu niðri. Númer má sjá á hlut sem er hringlaga með gleri í. Talsvert af álleiðslum og álbitum eru þarna einnig. Heyrst hefur af því að flugvél,




„Chock“ hjólakubbur úr tré



Hringlaga hlutur með gleri og númeri svonefnt „Fljúgandi virki“, hafi nauðlent ofan við Húsatóftir á fimmta áratug síðustu aldar. Vélin hafi skemmst lítið og áhöfnin sloppið heil á húfi. Að sögn Friðþórs Eydal er líklegt að þarna hafi verið um B-17 vél að ræða, fjögurra hreyfla, sem nauðlenti ofan við Tóftir 17. apríl 1943 á leið til Keflavíkurflugvallar, en hann hafði þá nýlega verið opnaður fyrir flugumferð. Vélin var á leið frá Bandaríkjunum til Bretlands með fyrirhugaðri viðdvöl á Keflavíkurflugvelli en nauðlenti er eldsneyti þraut eftir 14 klukkustunda flug.



B-17 vél



Fornleifar í og við Eldvörp

Refagildra [27-805]

Hlaðin úr hraunhellum. Heil að hluta, um 60 cm á hæð, 70 cm á breidd og 1,10 m á lengd. Op í norður.

Refagildra [27-810]

Hlaðin úr hraunhellum. Heilleg, um 70 cm á hæð, 70 cm á breidd og 1 m á lengd. Op í vestur.




Refagildra [27-805]

Refagildra [27-811]

Hlaðin úr hraunhellum. Heilleg, um 80 cm á hæð, 80 cm á breidd og 1,20 m á lengd. Op í suður.

Skjól [27-804]

Hlaðið úr hraunhellum. Fyrirhleðsla í hraunkanti. Veggjarhæð er h.u.b. 1 m, breidd um 40 cm. Hlutverk óþekkt. E.t.v. skjól göngumanna fyrir vindi og veðrum.



Refagildra [27-810]



Skjól [27-804]

Aðhald [27-803]

Hugsanleg grjóthleðsla við gíg Rauðhóls, gæti hafa verið aðhald, þó líklegast náttúrumyndun.

Refabyrgi [27-813] og garður [27-829]

Hlaðið byrgi úr hraunhellum og garðhleðsla um 25 m löng og 0,40 m breið.

Byrgið er hálffallið og mosavaxið, 60 x 60 cm að innanmáli. Inngangurinn, sem hefur verið þröngur, er fallinn saman. Garðurinn er lágur, u.þ.b. 20 cm og 25 m langur. Byrgið og garðurinn tengjast, e.t.v. er um að ræða refabyrgi og garð sem leiðir refinn inn í það. Mannvirkin gætu verið frá þeim tíma er eitrað var fyrir ref hér á landi.⁶



Garður [27-829]

Tyrkjabyrgin [27-817 til 828]

Tyrkjabyrgin, sem svo eru nefnd, eru skammt norðaustan við Brauðstíginn [27-900] og liggja í krika í Sundavörðuhrauni niður á sléttari öldung Eldvarpahraunanna. Um er að ræða 10 byrgjatóftir, eina refagildru og eina vörðu.

Tvær tóftir og varðan eru uppi á hraunbrúninni. Þetta eru allmikil mannvirki, misstór en sú stærsta þeirra um það bil 4 x 1,5 m á stærð. Hæðin er um 1,30 m. Leifarnar fundust fyrir tilviljun veturinn 1872 og er elstu lýsingu á þeim að finna í Ferðabók Þorvaldar Thoroddsen sem skoðaði þær árið 1883.⁷

Í Sögu Grindavíkur segir að það „var veturinn 1872, að rústir af mörgum smáum kofum,




Tyrkjabyrgi [27-817]



Tyrkjabyrgi [27-818]

⁶ Páll Hersteinsson, 1980, bls. 70-73.

⁷ Þorvaldur Thoroddsen, 1958.



hlöðnum úr grjóti, fundust af tilviljun í hraunkvos skammt vestur af Sundvörðuhrauni“.⁸ Sumarið 1902 kom Brynjúlfur Jónson frá Minna-Núpi til Grindavíkur (bjó m.a. í Klöpp í Grindavík) og skoðaði þá rústirnar. Hann birti lýsingu á þeim í skýrslu sinni í árbók Fornleifafélagsins árið 1903 og taldi tóttirnar vera alls sjö, en of litlar til að menn gætu hafa dvalið þar nema skamman tíma í einu.⁹ Löngu síðar rannsakaði Ólafur Briem rústirnar og taldi hann alls tíu tóttir auk þess sem hann fann í hraunkvi skammt frá þeim manngert aðhald, líklega fyrir sauðfé.¹⁰

Lýsing Ólafs af tóttunum er ýtarleg, en ekki kemst hann, fremur en Brynjúlfur og Þorvaldur, að ákveðinni niðurstöðu um það, til hvers kofarnir hafa verið notaðir. Þar virðast einkum tveir möguleikar koma til greina, að þarna hafi

útilegumenn hafst við skamma hríð eða að byggðamenn hafi útbúið þarna fylgsni, sem flýja mætti í ef ófrið eða ræningja bæri að höndum. Væri þá trúlegast að kofarnir hafi verið hlaðnir á 17. öld, eftir Tyrkjaránið. „Útilegumannabælið“ í Sundvörðuhrauni er á fornleifaskrá sem friðlýstar fornleifar.

Í friðlýsingaskrá segir:

„Húsatóftir. “Útilegumannabæli”, svo nefnt, í hraunkvos norðvestur af túninu. Sbr. Árb. 1903: 45-46. Skjal undirritað af MP 25.10.1930. Þinglýst 15.11.1938.“¹¹

Tvö lítil byrgi [27-817/818] eru sunnar með vestanverðum hraunkantinum. Annað er þrískipt [27-818] þar sem öll rýmin eru lítil, innan við 60 cm og hitt [27-817] hefur annað lag en fyrirnefnd byrgi. Það er líkara húslagi en miklum mun minna

⁸ Saga Grindavíkur, 1994, bls. 118.

⁹ Brynjúlfur Jónsson, 1903, bls. 45-46.

¹⁰ Ólafur Briem, 1959, bls. 158-160.

¹¹ Skrá um friðlýstar fornleifar, 1990, bls. 5.



Tyrkjabyrgi [27-820] og [27-821]

í sniðum.

Upp á hraunbrúninni er, auk byrgisins [27-827] sem fyrr er lýst, hringlaga lítið skjól [27-826]. Í fyrstu virðist þar vera um skjól fyrir mann að ræða er gæti hafa verið þar á „útkikki“, en ef betur er að gáð virðist þar fremur hafa verið einhvers konar geymsla. Norðar er fallna byrgið, sem fyrr er lýst, og varðan [27-828].

Önnur mannvirki þarna eru norðan og norðvestan við byrgin þrjú í krikanum. Eitt þeirra er gerðið fyrrnefnda og síðan má sjá hleðslur [28-824] með kantinum, sem virðast hafa verið lítil gerði eða aðhald, t.d. fyrir fé.

Refagildran [27-819] vestan við byrgin tvö [27-817/818] í suðvestanverðum hraunkrikanum er svo til alveg heil. Fallhella er fyrir opinu. Stuðningssteinarnir eru enn á sínum stað.



Refagildra [27-819]. Skýrsluhöfundur á vettvangi 2003

Gangurinn á gildrunni er heill og þakhellurnar á sínum stað. Hið eina, sem ekki fyllir heildarmyndina er að sá, sem síðastur fjarlægði dauðan ref úr gildrunni, setti hana ekki upp að nýju, þ.e. hann lét fallhelluna á sinn stað, en setti ekki farg á þakið. Steinar, sem til þess hafa verið ætlaðir, eru í mosanum við hliðina á gildrunni. Gildran gæti hvort sem er verið jafngömul byrgjunum eða yngri, allt eftir því til hvers þau hafa verið notuð. Ef þau hafa verið ómannaðar birgðastöðvar vegna yfirvofandi árásar ræningja er gildran væntanlega jafngömul byrgjunum. Ef um útilegumannaskjól hefur verið að ræða gæti gildran verið yngri eða jafngömul.

Byrgin [27-814/815] – (nýju byrgin)

„Tyrkjabyrgi“ svonefnd í vestanverðum Eldvörpum, sem fundust árið 2006,¹² eru mjög svipuð hinum fyrrnefndu. Um 1 km er á milli byrgjasvæðanna. Um tvö byrgi [27-814 og 815] virðist vera að ræða, en þó gætu fleiri reynst þarna í þykku gamburmosahrauninu. Efra byrgið [27-814] er stærra, eða 1,2 x 4,2 m. Neðra byrgið [27-815] er 3 x 1,2 m. Hæð á veggjum niður á núverandi gólf er 1,3 m. Gólfín eru gróin, en undir eru sléttar hellur sem notaðar hafa verið fyrir þak. Sumar liggja upp með veggjum.

Umhverfi byrgjanna er sérstakt. Byrgin, sem eru þarna í mjög góðu skjóli, eru þakin þykkum mosa að utanverðu og er mjög erfitt að koma auga á þau. Þegar betur er að gáð má vel sjá hversu heilleg þau eru; veggir standa heilir og þakhellur liggja við vegg eða eru undir mosa í gólfum. Ekki voru ummerki um að maður hafi stigið þarna niður fæti um langan tíma.

Opið á efra byrginu snýr í norður (á langvegg).

¹² Árið 2006 fundu Ómar Smári Ármannsson og Óskar Sævarsson byrgin. <http://www.ferlir.is/?id=4436>



Byrgi [27-814]



Byrgi [27-815]

Opið á því neðra snýr hins vegar í vestur (á endavegg).

Þar sem byrgin hafa að öllum líkindum verið ósnert í langan tíma má ætla að mögulegt væri að áætla aldur þeirra með vísindalegri rannsókn, t.a.m. með því að athuga gólfín. Í þeim gætu einnig falist upplýsingar um notkun byrgjanna. Sú niðurstaða gæti enn fremur varpað ljósi á tilgang og aldur byrgjanna í hraunkrika Sundvörðuhraunsins.

Hellir „útilegumannahellir“ [27-816]

Hellir í Eldvörpum, um 60 m frá síðastnefndum byrgjum [27-814 og 815].¹³ Erfitt er að finna opið en það er lítið. Það er beint niður í hraunhelluna í hraunbrekku traðar. Æðar eru allt um kring. Í miðju opinu er þverhleðsla, mosavaxin, um 0,6 m há og um 0,8 m breið. Ef farið er niður á við (í suður) er komið inn í rúma hraunrás. Í henni er hlaðið hringlaga bæli. Megintilgangur hennar virðist hafa verið tvíþættur; annars vegar að veita skjól umhverfis bæli og hins vegar að fela „innra rýmið“, þ.e. skúta er skýlt gæti hafa einum eða tveimur mönnum.

Í efri hluta rásarinnar er fyrirhleðsla og síðan hlaðið undir bæli. Sama fyrirkomulag er þar og í neðri hlutanum; ef einhver leit þar upp af tilviljun gat hann ekki séð ef einhver leyndist þar efra.



Hellir [27-816]

Útilegumannahellir [27-812] Brauðhellir

Útilegumannahellir [27-812] í Eldvörpum er rétt vestan við borholuna (EG-2).

Þegar Hitaveita Suðurnesja lét bora eftir gufu þarna sumarið 1982 brotnaði hraunið undan jarðýtu sem vann við frágang í kringum holuna. Í ljós kom hellir með greinilegum mannvistarleifum,

¹³ <http://www.ferlir.is/?id=4436>



Útilegumannahellir [27-812]

beinum og hleðslum.¹⁴ Ekki er vitað hver eða hverjir höfðust þarna við. Hellirinn er alllangur eða 25-30 m en hvergi hærri en 1,5 m og víðast hvar mun lægri eða 40-50 cm.

Í hellinum er hlaðið lítið skjól. Þarna var til skamms tíma allnokkur hiti, en það breyttist þegar borað var á svæðinu.

Hellirinn nefnist Brauðhellir og til hans liggur Brauðstígur [27-900]. Nafnið kemur af því að íbúar í Grindavík nýttu þar jarðvarmann til brauðgerðar.¹⁵

Líklegt má telja, vegna nálægðar við fornar mannvistarleifar, að þar hafi einhver tengsl verið á milli, einkum minjanna sunnar með vestanverðum Eldvörpum. Um 1 km er á milli minjasvæðanna. Ekki er loku fyrir það skotið að fleiri minjar kunni að leynast þarna á milli.

Brauðstígur [27-900]

Brauðstígurinn svokallaði liggur út frá Árnastíg, skammt sunnan við Sundvörðuhraun. Stígamótin eru merkt með vörðu [27-540] og frá henni sést hvernig Brauðstígurinn liggur inn í hraunið til vesturs. Stígurinn liggur framhjá


„Tyrkjabyrgjunum” (sjá skráningu fyrir ofan), undir hraunkantinum á Sundvörðuhrauni, og yfir hraunið að Eldvörpum þar til komið er að helli [27-812] í Eldvörpum, svonefndum Brauðhelli.



Brauðstígur [27-900]

¹⁴ Guðmundur Ólafsson, 2009.

¹⁵ Örnefnaskrá Húsatófta, 1980



Prestastígur [27-1000]

Prestastígur (Hafnaleið) er gömul þjóðleið á milli Húsatótta í Grindavík og Kalmanstjarnar. Þessi leið er greinileg og vel vörðuð. Henni var fylgt um hraunið norðan Rauðhóls þar sem víða má sjá hana djúpt markaða í slétta hraunhelluna. Gatan er bæði vel og þétt vörðuð auk þess sem hún er unnin víðast hvar, bæði með brúargerð í gjám og úrkasti í móum og melum.

Við skráningu minja á og við Prestastíg var stígurinn genginn frá Húsatóftum til norðurs, í átt að Höfnum. Um er að ræða tvær samliggjandi leiðir, þá vörðuðu, sem er nokkuð beint af augum (hefur af gerð, legu og ummerkjum að dæma verið vetrarleið) og annarri götu, eldri, (hefur verið nýtt í snjóleysu). Hún er vel mörkuð, bæði í móa og í slétta hraunhelluna þar sem hún er upp og í gegnum Eldvörp.

Í seinni tíð hefur þessi forna þjóðleið verið nefnd Prestastígur en hvergi finnast þess merki í gömlum

heimildum. Geir Bachmann lýsir þeim þjóðleiðum sem frá Grindavík liggja í sóknarlýsingu frá 1840- 1841.¹⁶ Hann nefnir með nafni fyrstu þrjá aðalvegina yfir hraunin (Árnastíg, Skipsstíg og Skógfellastíg) en segir svo:

„Sá fjórði og síðasti vegur sem úr sókninni liggur og alþjóðarvegur má kallast, liggur upp frá Húsatóftum í útnorður ofan í Hafnirnar og er hann sá eini sem héðan farinn verður þangað”.

Þetta er eini vegurinn frá Grindavík sem Geir nefnir ekki með nafni.

Prestastígsnafngiftin er tiltölulega nýlegt heiti á þessari annars gömlu þjóðleið sem um aldir, a.m.k. á seinni tímum, hefur verið nokkuð fjölfarin milli Staðahverfis og Hafna. Sú skýring á nafninu er þó líkleg að með prestakallalögum frá 1907 var Kirkjuvogssókn í Höfnum lögð til Staðarprestakalls í Grindavík og hefur því

¹⁶ Geir Bachman, 2007, bls.39.



Brú við Hrafnagjá [27-1027]

Staðarprestur oft átt erindi um þessa fornu leið.

Önnur gata liggur af núverandi Prestastíg suðvestan Sandfellshæðar. Rekja má hana beint yfir Hafnaheiði og áleiðis niður í Hafnir. Sá hluti leiðarinnar er utan skráningarsvæðisins. Vörðurnar við Prestastíg hafa verið hlaðnar í atvinnubótavinnu á árabílinu 1890-1920. Á þeim kafla stígsins sem nú var skráður eru 69 misheilar vörður sem gætu hafa verið hlaðnar á sama eða svipuðum tíma. Sumar standa nokkuð heillegar, aðrar eru hálfvallnar og nokkrar alveg fallnar. Þá eru við gömlu mörkuðu götuna nokkrar minni vörður. Þær eru greinilega eldri.

Líklegt má telja að stóru vörðurnar við vetrarleiðina hafi verið gerðar er prestinum á Stað, sem einnig þjónaði Kirkjuvogskirkju í Höfnum á seinni hluta 19. aldar, varð tíðförlu á milli kirkna.

Heillegu vörðurnar eru hæstar um 1,70 m á hæð, en grunnflöturinn á þeim flestum er svipaður (1 m).

Skófmyndanir (fuglaglóð) eru nokkrar á vörðunum er bent gæti til þess að þær hafi verið látnar óhreyfðar í u.þ.b. 100 ár. Eftir það myndast jafnan mosi eða húsglæður á þeirri hlið er vísar til



Prestastígur [27-1081]



Prestastígur [27-1059]

norðurs og norðvesturs.

Við þennan hluta Prestastíg voru skráðar 69 vörður, heilar, hálfvallnar, fallnar og af þeim voru fjórar vörðuvísar [1076-1048-1035-1077].

Gata[27-1012/1031/1038/1059/1081/1064/1077]

Tekin voru hnit á völdum stöðum á Prestastíg og fékk hvert sitt númer. Einnig voru skráðar upplýsingar og teknar ljósmyndir á hverjum stað sem sýna breytingar á leiðinni eða hvernig hún hefur markað spor í umhverfið, t.a.m. verið grópuð í hraunið, unnin og/eða rudd.

Brýr [27-1026/1027/1068]


Við Prestastíg [27-1000] er að finna þrjár brýr sem hafa verið hlaðnar yfir gjár [1026/1027/1068]. Stærstu brúna er að finna við Hrafnagjá en

hinar við ónefndar gjár. Hrafnagjá er breið og gróin gjá í mosagrónu hrauni. Brúin [27-1027] er í norðausturenda gjárinnar og er hlaðin úr hraungrýti, mjög heilleg. Hún er um 2 m há, 2 m breið og um 6 m löng en mjög gróin að ofan. Brú [27-1026] er um það bil 10 m sunnan við brú [27-1027], þar er miklu minni hleðsla, sú er 3 m löng og 2 m breið.

Brú [27-1068] er hlaðin úr hraungrýti, um 3,5 m á breidd og 4 m á lengd.

Steinar [27-1052/1053/1054]

Á þremur stöðum við Prestastíg mátti sjá tvo, þrjá eða fjóra steina, hvern ofan á hinum, sem eru ómerkilegri hleðslur en svo að þær verðskuldi nafnið varða en þær bentu á greni. Á þessu svæði er alþekkt að refaskyttur merktu greni með þessum hætti.



Skipsstígur [17-1500]

Skipsstígur er gamla þjóðleiðin milli Njarðvíkur og Grindavíkur (Járngerðarstaðahverfis). Þjóðsagan segir að nafnið Skipsstígur hafi orðið til vegna þess að Junkarar hafi farið stíginn með báta sína milli (Hafna) Njarðvíkur og Grindavíkur, en eins og mörgum er kunnugt þá er Junkaragerði ofan við Stórubót í Grindavík.¹⁷ Fór það eftir veðri hverju sinni hvaðan þeir reru. Aðrir hafa nefnt að stígurinn dragi nafn sitt af ferðum manna sem fóru hann milli heimilis og skips á tímum árabátaútgerðarinnar.

Þegar Skipsstígur ergenginn frá Njarðvíkurfitjum til Grindavíkur má sjá framundan tvo áberandi hóla í Njarðvíkurheiði. Sá sem er nær er Sjónarhóll. Frá honum má horfa niður að Vogshóli, handan fyrrum varnargirðingar. Skipsstígurinn liggur vestan þess fyrrnefnda og austan þess síðarnefnda.

Í örnefnalýsingu Sæmundar Tómassonar fyrir Vörðugjá dregur hún nafn sitt af myndarlegri vörðu á gjábarminum. Hún sést vel, hvort sem komið er að sunnan eða norðan.

Sé haldið áfram til suðurs taka langar hraunsléttur við. Latur er á vinstri hönd. Hann er í rauninni tveir gígar og utan í þeim hefur verið jarðhitavirkni til skamms tíma.

Þegar gengið er framhjá Illahrauni (á vinstri hönd) má vel sjá gíga þess í hrauninu. Ef farið er niður Skipsstígshraun þá er Bræðrahraun og Blettahraun á hægri hönd.

Á þeim kafla má best greina vegaumbæturnar sem gerðar voru á Skipsstíg þótt víða megi sjá merki þeirra á leiðinni. Gatan er jafnbreið á alllögum kafla og hefur verið borið í hana, en ofaníbúðurinn, þ.e. fínasti hluti hans, er fyrir löngu fokin út í veður og vind. Eftir stendur formið.

¹⁷ Örnefnalýsing Járnagerðarstaðar, 1967.



Skipsstígur

Skipsstígurinn liggur vestan þess. Augljóst er að gera hefur átt stíginn vagnfæran. Líklegt má telja að þarna hafi verið um atvinnubótavinnu að ræða skömmu um og eftir aldamótin 1900, sem síðan hafi ekki enst lengur en raun ber vitni. Þessi hluti stígsins er einstaklega fallegur og full ástæða til að varðveita hann. Þegar ákveðið var að gera vagnfæran veg til Grindavíkur árið 1913 var upphaflega gert ráð fyrir að Skipstígur yrði allur endurbyggður. Þegar til kastanna kom var hins vegar ákveðið að fara af Vogastapa, niður Selbrekkur og áfram yfir Arnarseturshraunið, nokkurn veginn eins og núverandi Grindavíkurvegur liggur í dag.

Lágafell er suðvestan við Þorbjarnarfell. Fellið er dyngja, ein af þeim smærri á Reykjaneskaganum.

Lágafellsheiði nefnist heiðin umhverfis Lágafell, einkum sunnan þess. Í henni var t.d. fjarskiptastöð varnarliðsins o.fl. Nokkrar jarðfallnar vörður eru

við stíginn undir Lágafelli. Suðvestan við Lágafell greinist Skipstígurinn í tvennt, annars vegar heldur hann beint áfram til suðausturs, að Hópi, og hins vegar til suðurs, að Járngerðarstöðum. Báðir stígarnir eru klipptir í sundur af girðingu sem umlykur varnarsvæðið að norðanverðu. Sjá má þá liðast þar um móana og vörðubrot við þá.

Hópsanginn kemur undan girðingunni að austanverðu. Vörðubrot er við hann innan girðingar og síðan liðast hann áfram um móana áleiðis í Kúadal.

Frá Títublaðavörðu, sunnan við girðinguna, sést Skipstígurinn liðast um slétt hraun og vörðubrot innan við. Títublaðavarðan er utan girðingar. Þaðan liðast stígurinn að Reykjanesvegi, undir hann og áfram áleiðis að Járngerðarstöðum. Vörðubrot er við stíginn sunnan vegarins.

Títublaðavarðan er vel gróin að neðanverðu. Annars eru vörðurnar við Skipstíg allflestar



Varða á Skipsstíg

sömu megin, vinstra megin er gengið til suðurs.

Við Skipsstíginn voru skráðar 37 vörður og vörðubrot.

Gata [17-1502/1506/1509/1513/1515/ 1526/1534/1536/1541]

Tekin voru hnit á völdum stöðum á Skipsstíg og fékk hvert sitt númer. Einnig voru skráðar



Skipsstígur [17-1502]

upplýsingar og teknar ljósmyndir á hverjum stað sem sýna breytingar á leiðinni eða hvernig hún hefur markað spor í umhverfið, t.a.m. verið grópuð í hraunið, unnin og/eða rudd.

Dýrfinnuhellir [17-1511]

Dýrfinnuhellir [17-1511] er skammt ofan við Grindavík, örskammt frá Skipsstígnum, norðvestan við Lágafell. Þótt staðurinn sé nú flestum gleymdur lifði hann lengi vel í hugum Grindvíkinga, líkt og nokkrir aðrir staðir ofan við plássið sem tengdust komu „Tyrkjanna“ í Tyrkjaráninu. Þeir komu til Grindavíkur, skyndilega og öllum að óvörum, í byrjun sumars 1627. Tómas Þorvaldsson segir frá þessum Dýrfinnuhelli í æviminningum sínum: „Hellir einn, allstór, vestan við gamla veginn til Keflavíkur, norðan Lágafells, heitir Dýrfinnuhellir



Dýrfinnuhellir [17-1511]

og sagan segir að kona með þessu nafni hafi falið sig þar þangað til ræningjarnir voru farnir.“¹⁸

Í örnefnalýsingu fyrir Járngerðarstaði segir m.a. um Dýrfinnuhelli:

„Milli Heimastaklifs og Tæphellu er Dýrfinnuhellir. Hann er að mestu ofan jarðar, hvolfþak, nokkrir ferfaðmar að stærð, og opin að nokkru leyti á móti norðri. Hann var þarna alveg

við gamla veginn til Keflavíkur.“¹⁹

Dýrfinnuhellir er hið ágætasta skjól. Skammt frá eru fleiri skjól, sem falið hafa getað fleiri Grindvíkinga með góðu móti, þegar „Tyrkir“ komu vaðandi. Þar skammt frá er m.a. skjól vegagerðarmanna [17-1516] sem unnu að endurnýjun Skipsstígs á þeim kafla um aldamótin 1900.

Hellir [17-1516]

Hellirinn [17-1516] er bogalaga ílangt hraunhveli, opið til austurs og vesturs. Við opin má sjá grjóthleðslur til skjóls. Skjól þetta var sennilega notað af vegavinnumönnum sem unnu að endurnýjun Skipsstígs í atvinnubótavinnu um aldamótin 1900.



Hellir [17-1516]

¹⁸ Tómas Þorvaldsson - æviminningar - 1986, bls. 22.

¹⁹ Örnefnalýsing fyrir Járngerðarstaðir athugasemdir

Niðurstöður

Þrjár meginleiðir hafa verið skráðar á hinu afmarkaða svæði í þeim tilgangi að gera heilstætt yfirlit um og greina minjar sem kunna að vera í hættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda.

Skráðar voru 206 vörður; fimm brýr; níu hella, skjól og aðhald; greni, refabyrgi og refagildrur voru níu; einn garður; og herminjar á einum stað.

Hinar fornu leiðir hafa verið troðnar á mörgum öldum, byrgin eru afar áhugaverð og mörg friðlýst og útilegumannahellarnir merkileg heimild um mannlífið til forna, svo að sumt það helsta sé nefnt. Herminjarnar eru vissulega ekki fornleifar eða þjóðminjar í skilningi laganna en engu að síður merkilegar minjar um hlut Íslands í heimsstyrjöldinni síðari sem er almennt séð sjálfsagt að reyna að varðveita ef kostur er.

Á svæðinu virðast ekki vera margar minjar í hættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda HS Orku, sbr. meðfylgjandi kort, en með því að hér er merkilegt minjasvæði í húfi er rétt að minna á þá almennu varúðarreglu að fara ávallt gætilega fram með vinnuvélar þar sem von er á fornleifum og varast allt óþarfa rask sem gæti stofnað minjum í hættu.

Ekki er víst að allar minjar á svæðinu sjáist á yfirborðinu eða hafi verið skráðar. Ef áður óþekktar fornleifar koma í ljós á framkvæmdasvæðinu ber að stöðva framkvæmdir, varast frekara rask og tilkynna þegar í stað um fundinn til Minjastofnunar Íslands, sbr. 38. gr. mml. Minjastofnun Íslands metur eðli þeirra og umfang og hvort frekari rannsókna sé þörf áður en framkvæmdir geta haldið áfram.

Vísað er til korts HS Orku og gagna um framkvæmdasvæðið. Á framkvæmdasvæði

borteigs A, C og E eru hvorki sýnilegar minjar né heimildir um minjar.

Borteigur B (sem liggur skammt austan við borteig EG-2) raskar að öllu óbreyttu Brauðstígunum [27-900], refabyrgi [27-813] og garði [27-829].

Borteigur D raskar Árnastíg [27-500] og gæti haft áhrif á vörður við lagningu vega og slóða o.þ.h.

Er því beint til framkvæmdaraðila að reyna að sneiða hjá fornleifunum og komast hjá því að raska þeim í lengstu lög. Í 21. gr. mml. segir um verndun fornleifa, að „jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, [megi] enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands“.

Vegna friðlýstra minja á svæðinu, hinna svonefndu Tyrkjabyrgja, er rétt að gæta að ákvæðum 22. gr. mml.: „Fornleifum sem eru friðlýstar skal fylgja 100 metra friðhelgað svæði út frá ystu sýnilegu mörkum þeirra og umhverfis nema kveðið sé á um annað. Hvers konar röskun, byggingarframkvæmdir eða aðrar framkvæmdir á friðhelguðu svæði umhverfis friðlýstar fornleifar eru óheimilar án leyfis Minjastofnunar Íslands.“

Samkvæmt mælingum skýrsluhöfunda eru friðlýstar minjar í talsvert meira en 100 m fjarlægð frá framkvæmdasvæðinu og þurfa því ekki að verða fyrir neinu raski.

Heimildir

Agnes Stefánsdóttir, 2008. *Svartsengi – Eldvörp*. Fornleifaskráning. Fornleifavernd ríkisins, 2008 (Rit Fornleifaverndar ríkisins 2008:7).

Brynjúlfur Jónsson, 1902. „Rannsókn í Gullbringusýslu og Árnessýslu sumarið 1902”, *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1903* (Reykjavík, 1903), 31-52.

Geir Bachman, 2007. Grindavík (1840-41). Gullbringu- og Kjósarsýsla, sýslu og sóknarlýsingar. Gunnlaugur R. Guðmundsson og Svavar Sigmundsson sáum um útgáfuna. Sögufélagið. Reykjavík.

Guðmundur Ólafsson, 2008. *Útilegumannahellir við Eldvörp*. Rannsóknarskýrslur fornleifadeildar 1982. Þjóðminjasafn Íslands, Reykjavík.

Katrín Gunnarsdóttir, 2012. Grindavík. Fornleifaskráning í Eldvörpum í landi Húsatófta vegna rannsóknaborana HS Orku.

Jón Þ. Þór, 1994. Saga Grindavíkur I. Frá landnámi til 1800, Grindavík.

Tómas Þorvaldsson, 1986. *Æviminningar - 1986*, Gylfi Gröndal skráði. Reykjavík

Ólafur Briem, 1959. *Útilegumenn og auðar tóttir*. Menningarsjóður, Reykjavík.

Ómar Smári Ármannsson 2012. Grindarvíkurvegi, saga og minjar. Samantekt um Grindarvíkurvegina og vegagerð frá landnámi til nútíma með megináherslu á fyrsta akveginn er lagður var til Grindavíkur á árunum 1914-1918. Reykjavík.

Þóra Pétursdóttir, 2002. *Fornleifaskráning í Grindavík*. 2. áfangi. Fornleifastofnun Íslands

ses., Reykjavík.

Þorvaldur Thoroddsen, 1958. Ferðabók: Skýrslur um rannsóknir 1882-1898. Jón Eyþórsson bjó til prentunar. Reykjavík.

Ágúst Ó. Georgsson, 1990. Skrá um friðlýstar fornleifar, 1990.

Páll Hersteinsson, 1980. Eitrað fyrir refi - Landvernd, nr. 7 - Villt spendýr. Saga refaveiða.

